

22. júlí 2020

Efni: Fyrirspurn um færslu á byggingarreit fyrir Tankinn - útilistaverk á lóð nr 16 við Sjávangötu á Þingeyri

Kæra Skipulagsnefnd,

Stórn Tanksins, menningarfélags vill kanna hvort færa megi byggingarreit þann sem skilgreindur er í núverandi deiliskipulagi fyrir lóðina Sjávangata 16 á Þingeyri.

Til stendur að reisa þar útilistaverk í samstarfi við Ísafjarðabæ samkvæmt samningi þar um milli Tanks, menningarfélags og Ísafjarðarbæjar.

Mat okkar í Tanki, menningarfélagi er að núverandi byggingarreitur sé ekki vel staðsettur til að gefa mannvirkinu/listaverkinu nægilegt rými til að njóta sín.

Fyrirspurning felst í að færa byggingareitinn innan lóðarinnar í átt að sjónum svo byggingareiturinn sé í sambærilegri fjarlægð frá lóðamörkum og vegi sem er niður við sjó á skipulagi og byggingareitur á næstu lóð, þ.e. nr. 14 við Sjávangötu. Sjá gula línu á meðfylgjandi uppdrætti til glöggvunar.

Í ljósi þess að áætlað er að mannvirknið/útilistaverkið rísi í sumar og verið vígt um miðjan september óskar Tankur, menningarfélag eftir að málið fái hraða og faglega meðferð.

Í kjölfarið á þessari fyrirspurn og í ljósi viðbragða munum við fá hönnuð okkar til að senda inn formlega beiðni um deiliskipulagsbreytingu auk upplýsinga sem óskað kann að vera eftir.

Virðingarfyllst,



Ketill Berg Magnússon
Formaður Tanks, menningarfélags